

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



19. október 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 4. mál á 154. löggjafarþingi

Skattleysi launatekna undir 400.000 kr.

Með ofangreindri þingsályktunartillögu er m.a. lagt til að launatekjur upp að 400.000 kr. verði gerðar skattfrjálsar og tekjur þeirra sem þurfa alfarið að reiða sig á tekjur frá almannatryggingum miðist að lágmarki við sama viðmið. Hagsmunasamtök heimilanna styðja slíkar tillögur heilshugar.

Að þessu sögðu hefur það um langt árabíl verið ein af megin áherslum samtakanna að ráðast þurfi í rannsóknir á því hvað kosti að lifa mannsæmandi lífi hér á landi. Með því er er ekki átt við viðmið um lágmarksframfærslu til skamms tíma heldur viðunandi framfærslu til lengri tíma, þannig að þau sem þurfa að búa við lægstu kjör geti engu að síður tekið þátt í samfélaginu á eðlilegan hátt.

Samtökin telja að löggjöf sem myndi tryggja 400.000 kr. lágmarks ráðstöfunartekjur yrði skref í rétta átt hvað þetta varðar. Þrátt fyrir það telja samtökin að kafa þurfi dýpra í það hver sé raunveruleg þörf á ráðstöfunartekjum til að tryggja **viðunandi** framfærslu venjulegs fólks. Ekki er víst að sú fjárhæð sem lögð er til hér nái einu sinni því marki, en engu síður yrði samþykkt tillögunnar til bóta. Samtökin vonast til þess að framlagning tillögunnar og umræða um hana geti opnað fyrir víðtækari umræðu um hver sé hin raunverulegi kostnaður við að standa undir viðunandi lífsgæðum og að í framhaldi af greiningu á því muni öll opinber stuðningskerfi taka mið af niðurstöðum slíkrar greiningar.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja til þess að áherslur um mannréttindi og félagslegt réttlæti verði innleiddar í auknum mæli í löggjöf hér á landi, því ekki er vanþörf á.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is